

Skólaráðsfundur

Mættir: Auður, Haraldur, Sóley Halla, Víðir, Edda, Arnar, Guðný, Gróa, Guðni Ívar og Ísabella.

13. október 2015

1. Hlutverk skólaráðs

Sóley Halla fór yfir og sagði frá hlutverki skólaráðs. Hlutverkið er m.a. að fara yfir þær áætlanir sem skólinn gerir og starfar eftir.

2. Fundartími í vetur

Ákveðið að hafa fundi á þriðjudögum kl. 12:00.

3. Skólabyrjun

Sóley Halla fór yfir hvernig skólastarf hófst og hvernig hefur gengið. Fór yfir hvernig hefur gengið að manna stöður í skólanum. Sagði frá breytingu á nemendasamsetningunni. Pólskur kennari var fenginn til þess að koma tímabundið til þess styðja við nýbúakennsluna og við þá nemendur sem eru pólskumælandi.

Sóley Halla sagði frá þemadögum sem verða 20. - 22. október. Þemað verður bækur.

4. Starfsáætlun

Sóley Halla og Haraldur Axel fóru yfir starfsáætlun. Óskað eftir samþykki frá skólaráði.

5. Skólastarfið framundan

Sóley Halla sagði frá því sem er framundan. Þemadagar, aðventan, dagur íslenskrar tungu og menningarstundir sem tengjast þeim degi, baráttudagur gegn einelti.

Fleira ekki gert og fundi slitið.